


UST

Umhverfisstofnun

Skútustaðahreppur
Sigbjörn Gunnarsson
Hlíðavegi 6
660



11. desember 2003
Tilvísun: UST20030300155/tb

Efni: Breyting á aðalskipulagi í Skútustaðahrepp

Vísað er í fund Umhverfisstofnunar með sveitarstjóra Skútustaðahrepps og fulltrúum Landsvirkjunar haldinn 27. nóvember sl. um aðalskipulagsbreytingar í Skútustaðahrepp. Á fundinum kom fram að Skútustaðahreppur sættir sig ekki við tillögur Umhverfisstofnunar að öllu leyti sbr. bréf stofnunarinnar dags. 6. nóvember sl. Á fundinum lagði Skútustaðahreppur fram nýjar tillögur, tillögu A og B, báðar dagsettar 25. nóvember 2003. Umhverfisstofnun getur ekki fallist á að tillaga A verði auglýst óbreytt.

Í ljósi þess samráðs sem verið hefur um málið fellst Umhverfisstofnun á fyrir sitt leyti að tillaga B verði auglýst sem breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Stofnunin leggur til að texti í greinargerð með tillögunni undir „Breytingar“ lið 1. verði eftirfarandi: „Þau svæði sem möguleg eru til nýtingar jarðhita eru afmörkuð sem iðnaðarsvæði. Þar er bæði sýnd staðsetning núverandi jarðhitánýtingar og þau svæði sem koma til greina til slíkrar nýtingar.“

Ákvörðun þessi er ekki endanleg á grundvelli 3. mgr. 3. gr. laga um vernd Mývatns og Laxá nr. 36/1974 og mun stofnunin að loknu auglýsingaferli skipulagsáætlunarinnar taka endanlega ákvörðun samkvæmt framangreindri lagagrein.

Virðingarfyllst,



Trausti Baldursson


Davíð Egilson

Afrit: Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

Meðf: Ljósrit af tillögu B.